



Íslenzkir radióamatörar

hið íslenska aðildarfélag í IARU og NRAU
pósthólf 1058. 121 Reykjavík
30. júlí 1990

Ágæti félagsmaður!

Sumartími er loftnetatími. Þá kemur loksins tækifæri til að huga að loftnetunum í skaplegu veðri. Prófa eitthvað nýtt, breyta, bæta og stækka. Ef loftnetið þitt fauk **ekki** niður á síðasta vetri, þá er það ekki nógu stórt.

Félagið er líka að hyggja að sínum loftnetamálum. Við höfum nú fengið snúanlegt mastur. Það þarfnast nokkurra lagfæringa, sem ættu að vera viðráðanlegar fyrir haustið ef við snúum bókum saman. Okkur vantar aðstoð laghenta járnsmiða- og suðumanna, auk útsjónarsamra reddara og röskra skurðgrafara. Ef þú vilt vera með, gefðu þig þá fram.

Eitt leiðindamál, sem óhjákvæmilegt er að gera félagsmönnum grein fyrir eru píratarnir í félaginu.

Skv. 8. grein reglna um radióleyfi áhugamanna ber radióamatörum skylda til að tilkynna Pósti og síma og félagi sínu, hafi þeir einhvern grun um að stöð sem hann hlustar á hafi ólögleg viðskipti. Félaginu barst á sl. ári tilkynning um slíka ólöglega sendistarfsemi meðal félagsmanna. Niðurstöður upplýsingaöflunar, sem byggðar eru á hlustun allt fram á þennan dag, segulbandsupptökum og dagbókarskráningum félagsmanna Í.R.A. og radióeftirlits Pósts og síma liggja nú fyrir. Í náðist félagatal manna, sem nota B númer við sendingar sínar. Félagar í B-klúbbnum hafa heyrst viðsvegar á stuttbylgju og metrabylgju, á tíðnum, afli og útsendingartegund sem þeir hafa enga heimild til að nota. T. d. á eftirtöldum tíðum (kHz): 2790 og 2833 (úr heimahúsum), 2912 (tíðni hjálparsevita), 6645 (flugvéla-tíðni), 13950, 26185, 26745, 27145, 27195, 27545, 27645, 156375 kHz (skiparás nr. 67) og víðar.

Í píratafélagi þessu eru rúmlega 40 einsklaklingar. Af þeim er tæplega helmingur eða 17, sem hafa einhverntíma verið eða eru nú í Í.R.A. Þar af eru 4 nýliðaleyfishafar og 2 tæknileyfishafar þeir TF1EIN, TF3FKN, TF3FTN, TF3TEN, TF3AJT og TF1JIT. Þessir leyfishafar hafa allir heyrst á tíðnum sem þeir hafa ekki leyfi til að nota, í mismiklum mæli þó.

Góðfúslegar bréfflegar ábendingar TF3DX nú í vor breyttu engu þar um.

Nýliðar í þessum hópi eru hluti af stærri nýliðahópi, sem kom inn á námskeið Kristjáns, TF3KB fyrir tveimur árum og hefur notið meiri og betri aðstoðar af hálfu félagsins en flestir aðrir á undan þeim til að gerast radióamatörar. T. d. nutu þeir langvarandi aðstoðar Vilhjálms, TF3DX við að komast í loftið sem nýliðar. Þeim var gert það fyllilega ljóst að þeir væru á ábyrgð félagsins eins og nýliðar eru samkvæmt reglugerð. Félagið gekk m. a. fram fyrir skjöldu að þeir gætu löglega átt tækjábúnað, sem þeir gætu annars ekki. Félagið hefur um nokkurt skeið tekið á móti einstaklingum með CB bakgrunn og hjálpað þeim í þeirri góðu trú að þeir vildu söðla um og gerast heiðarlegir radióamatörar. Þessi stefna hefur nú beðið skipbrot. Maður sem hefur nýliðaleyfi með meðnælum og á ábyrgð félagsins, en er á sama tíma að prenta sér QSL kort fyrir ólögleg DX sambönd á CB er ekki trúverðugur radióamatör. Félagar hans á ólöglegum tíðnum ekki heldur.

Það er ljóst, að hér er ekki um að ræða neitt sem flokkast gæti undir fljótfærni, athugunarleysi, ókunnugleika eða bernskubrek. Hér eru á ferðinni fulltíða menn, sem vita nákvæmlega hvað þeir eru að gera. Þeir hafa sjálfir valið að stunda þessa píratmennsku, þrátt fyrir að félagið og einstaklingar innan þess hafi gefið þeim langvarandi tækifæri til annars.

Þar með hafa þeir brugðist því trausti sem félagið sýndi þeim, skadað það traust sem ríkja þarf í samskiptum félagsins við Póst- og síma. Félagið reynir að sækja ýmis mál við Póst- og síma á þeim grundvelli að radióamatörar séu ábyrgir notendur tíðnisviðsins. Það er því áfall fyrir þessa viðleitni þegar einhverjir félagsmenn gera

þau rök að engu. Skemmst er að minnast þess að á sl. vetri var amatörum meinað að flytja inn amatörtæki af því að þau náðu út fyrir amatörböndin. Það var ekki hægt að treysta amatörum til að eiga slík tæki. Ef við reynum að halda því fram gagnvart Pósti og síma að JÚ víst sé amatörum treystandi, þá er hætt við að það verði hjáróma rök í ljósi svona atburða, NEMA félagið hreinsi þennan blett af sér með eftirminnilegum hætti og sýni fram á að JÚ, VÍST ER AMATÖRUM TREYSTANDI. VIÐ ERUM ÁBYRGIR NOTENDUR TÍDNISVIÐSINS.

Það er Ljóst að félagið getur ekki gengist áfram í ábyrgð fyrir þessa einstaklinga eins og það hefur gert hingað til. Þeir sem leika svona tveimur skjöldum eiga að okkar dómi enga samleið með ábyrgu amatörfélagi.

En þetta er ekki allt.

Fyrir því eru traustar heimildir að þeir ætluðu ekki að láta hér við sitja. Skömmu fyrir fyrirhugaðan aðalfund Í.R.A. var haldinn fundur á veitingahúsi hér í bæ. Þar voru samþykktar áætlanir um að smala stórum hópi B-klúbbsmanna inn í félagið á aðalfundinum. SKO! hér er hópur nýrra og áhugasamra félaga, er það ekki það sem félagið vantar.....klapp, klapp, klapp. Síðan átti að nota atkvæðamagnið sjónarmiðum píratanna í hag. Svona hefði þetta getað gengið fyrir sig án þess að aðrir félagsmenn hefðu haft nokkra hugmynd um hvað væri að ske, ef okkur hefði ekki borist njósn um málið.

Þetta mál var og er nokkuð viðkvæmt, sérstaklega þar sem stjórnarmenn í Í.R.A. þeir TF3FTN, gjaldkeri og TF3SA, varaformaður eru bendlaðir við það og kominn trúnaðarbrestur innan stjórnarinnar. Meirihlutinn þeir TF3KB, formaður, TF3GBN ritari og TF3ANT meðstjórnandi voru og eru á annarri skoðun. Til aðalfundar var ekki boðað á tilsettum tíma. Menn þurftu tíma til að átta sig á því sem hér var á seyði og ekki síst tíma til að trúa því að svona nokkuð gæti gerst. Það á að okkar mati ekki að vera hægt að kollvarpa grundvallarstefnu amatörlandsfélags eins og Í.R.A. með einu pennastriki. Stefnan byggir á alþjóðlegum hefðum í fullkominni andstöðu við píratmennsku og einungis þeir sem vilja þær hefðir feigar, eða þekkja lítið til mála láta sér detta slíkt í hug. Á endanum eru það að sjálfsögðu félagsmenn sem ákvarða stefnuna, en það er þá lágmarkið að þeir séu upplýstir og fái tíma til að átta sig á hlutunum, svo þeir taki ekki sínar ákvarðanir með bundið fyrir bæði augu.

Við kunnum þeim félagsmönnum, sem hafa verið félaginu innan handar með upplýsingaöflun og útvegum félagatals B-klúbbsins bestu þakkir. Af skiljanlegum ástæðum njóta þeir fullrar nafnleyndar. Ef ekki hefði notið árvekni þeirra, þá hefði Í.R.A. í kyrrþey á einum sunnudegi getað breyst úr amatörfélagi í CB-píratafélag.

Félagið samþykkti á síðasta aðalfundi að sækja um leyfi til handa nýliðum að nota eina tíðni fyrir ofan 3600 kHz. Þetta fékkst samþykkt hjá Pósti og síma og varð 3633 kHz fyrir valinu. Þarna er komin ein tíðni sem allir geta sameinast á, hvort sem þeir eru nýliðar eða aðrir og hvort sem þeir eru á tali eða morsi. Þetta er því hin nýja innanlandstíðni sem tekur við því hlutverki af 3710 kHz. Til að sameina fáa og dreifða félagsmenn á þessari tíðni, þá leggjum við til að við

Hittumst á sunnudögum á 3633 kHz kl. 1800

Þeir sem geta eru líka á virkum dögum á sama tíma og tíðni.

Við minnum á tólfu útileika félagsins, sem verða haldnir um næstkomandi verzlunarmannahelgi. Reglur leikanna fylgja hér með. Við vonum að hin nýja innanlandstíðni stuðli að skemmtilegri útileikum heldur en nokkru sinni fyrr.

73 og hittumst á 3633 kHz


Kristján Benediktsson, TF3KB,
formaður IRA


Bjarni Sverrisson, TF3GBN
ritari IRA